

„Góðir gæjar“

Í þeirri löngu kaffiteríu sem tengir báða sali Kjarvalsstaða, sitja þeir fimm listamenn sem nú sýna í vestursalnum. Ætlunin er að rabba við þá um list þeirra, hugmyndir og viðfangs-efni. Þeir Kees Visser, Þór Vig-

af þjóðsögum, Íslendingasögum og goðafræði, en það eru ekki nema þrjú ár síðan ég fór að spekulera í að nota þjóðtrú í myndlist. Tölurnar eru eldri. Ólafur sagði að myndröð sín með speglum hefði verið tekin á



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

fússon, Ólafur Lárusson, Kristinn Harðarson og Magnús Páls-son eru afar ólíkir innbyrðis. Þó virðist manni sem eitthvað tengi þá féлага saman.

Ólafur heldur því fram að þeir séu allir að gera, eða fást við sömu hlutina bara á mismunandi hátt. Magnús er efins, en Kristinn segir að þeir séu að gera ólíka hluti.

En hvers vegna vinna þeir þá saman að sýningu? Svarið er einfalt: — Because we are so good guys, there cannot be better guys.

Þegar Magnús er spurður um hugmyndirnar að verkum hans á sýningunni, segist hann vera búinn að vinna með tölur og bókstafi í nærfellu fjögur ár. Talna- og geometriudæmi þau sem greipt eru í gips á sýningunni, segir hann eldrihugmynd sem hann hafi unnið úr nýlega.

— Þetta á ekkert skylt við söguleg verk mín. Ég les dálítið

8 og 16 mm filmur. Sig hefði langað til að hafa video með prósessnum á sýningunni. Slik tæki eru ekki til á Kjarvalsstöðum, þótt menningarstöð sem stundaði sýningahald þyrfti nauðsynlega á slíku tæki að halda. Fáein videotæki kvað Ólafur vera til í landinu, en leiga á þeim væri sér ofvíða.

— Ég vona að hugmyndin komist til skila án videos. Ég hef ákveðna og nákvæma forskrift, eitt form. Restina læt ég ráðast. Hún er tilviljumum háð, hvað, hvenær og hvernig. Í speglaseriungi geng ég út frá því að spegillinn sé blekking. Spegilmyndin er öfug við raunveruleikann. Þrjú tæki spegillinn er ekkert á bakvið. Öll mín verk eru spurning, í þessu tilfelli um raunveruleika og blekkingu. Fáé þotn í spurninguna, er ég bara ánægður og sný mér að næsta verki, nýrri spurningu. Í tal barst að Kees Visser væri



Góðu gæjarnir fimm.

surrealisti. Þegar hann var spurður hvort hann teldi að svo væri, svaraði hann því játandi. Alla vega væri hann 99% surrealisti.

Hann hlær og segist vera að jóka.

— Uppspretta verka minna er raunveruleikinn. Úr honum tek ég það sem ég nota í verk mín. Ég nota system í öllum verkum mínum. Það sést í blaðvefnað-armyndunum á sýningunni. Ég hef miklar mætur á Mondriaan, en get ekki sagt að ég hafi orðið fyrir áhrifum frá honum. Hugmyndir mínar eru allt aðrar og vinnubrögðin sömuleiðis.

Kees var spurður hvort mismunur væri á þankagangi hollenskra listamanna og íslenskra. Hann sagðist hafa heyrt kenninguna um að listamenn væru háðir því umhverfi

sem þeir væru sprottnir úr. Hann kveðst samt halda að slíkt skipti ekki máli í samskiptum listamanna frá ólíkum löndum. Margt væri líkt með sér og íslenskum listamönnum og margt ólíkt.

— Ert þú sér á parti á þessari sýningu Þór?

Slíku svarar Þór með glotti. Hann segir að þetta sé í fyrsta skipti sem hann noti liti í verkum sínum.

— Í þessu tilfelli nota ég þá aðeins til aðgreiningar á flötum kassanna. Þetta er bara gamla litafræðin.

Þór segist ekki hafa gert sér grein fyrir útlið kassanna fyrr en þeir voru settir upp á sýningunni. Heima hjá sér hafi hann þurft að stafa þeim upp til þess að þeir kæmust fyrir. Hann segist samt hafa haft nokkra hug-

mynd um lokaniðurstöður, þar sem hann hafir gert litíð mýdel af kössunum áður.

Í verkum Kristins er áberandi mikil teikning. Hann segist alltaf hafa teiknað mikið.

— Ég teikna samt með öðru hugarfari en áður. Það er ekki atríði hvort myndin sé vel teiknuð, heldur hitt hvort hún sýni hvað sé að gerast í myndinni. Ég hendi ekki teikningu þótt hún sé illa gerð. Sýni hún það sem ég vil að komi fram er takmarkinu náð. Það sama gildir um ljósmyndir mínar. Handbragðið skiptir mig ekki máli.

Ég geri vinnuteikningar að öllu og legg mikið í þær. Ég vinn líkt og arkitekt. Það er háð tilfinningu minni í hvert skipti, hvort ég nota teikningu eða ljósmynd. Kannski er það bara til-raunastarfsemi.

Á endingu er spurt um skylt og óskylt, líkt og ólíkt.

— Ég hugsa að þú hugsir meira um visúelt útlit en ég og Kees, segir Magnús og snýr sér að Ólafi.

Þessu neitar Ólafur og talið berst að ólíkri mótun. Magnús segist vera háður að vissu leyti því, að hann er lærður leik-tjaldamálari. Þess vegna hugsir hann frekar í þrívídd, en tvívídd.

Á endingu koma menn sér saman um að tvívíð og þrívíð hugsun séu jafnréttá fyrirbæri. Þegar spyrjandi stendur upp frá borðum er búð að ræða um alla heima og geima. Um leið og hann kveður getur hann ekki betur séð en að það sem tengi þessa fimm listamenn sé, „að þeir eru svo góðir gæjar“.

Sýning fimmmenninganna mun standa eina viku í víðbót við það sem áætlað var. Henni lýkur því ekki fyrr en 2. desember.

Hressir Habsborgarar o.fl.

Ógæfan dynur yfir

Sumir munu telja, að bölváðar símfóniurnar hafi elt mannkynið frá öröfi alda samkvæmt kenningunni: það lifir lengst sem flestum er leiðast.

Það eru þó varla nema rúm 200 ár síðan þessi hremming dundi yfir Habsborgararíkið og aðrar þjóðir Evrópu, og á því ber ábyrgð öðrum fremur Josef Haydn (1732-1809).

Audvitað átti hann sína forgöngumenn. Karl Filipp Emanuel Bach (1714-88) næstelsti sonur þess gamla, kom einkum

fyrir nema eitt eða tvö hljóðfæri. En símfónía, sem audvitað þýðir bara samhljómur, er fyrst og fremst sönötuform fyrir fjölda hljóðfæra með öllum þeim afbrigðamöguleikum, sem við það skapast.

Helstu fyrirrennarar símfóniunnar eru annarsvegar óperu-forleikir, sem voru aðeins einn þáttur, og hinsvegar svonefndar svítur, divertimenti o.þ.h. í nokkrum köflum. Það var einkum einn þegn Habsborgarkeisara, Tékkinn Jan Vatslav Stamits (1717-47), sem byrjaði að sameina þetta allt saman í sín-

Vaughan Williams (1872-1958) hefur líklega fundist hann þurfa að framleiða eitt stykki af því taginu. Hann lauk þó ekki við það, fyrr en hann var kominn yfir átttrætt.

Þetta er ljómandi fallett verk sem komst mjög áheyrilega til skila bæði af höndum og munni hljómsveitarmanna og ekki síður einleikarans Roger Bobo. Auk þess var skemmtilegt að horfa á þennan staðilega mann righalda með vinstri handlegg um apparatið, sem hann nær hverfur á bak við, einsog til að missa það ekki úr fanginu oná gólf, meðan hann spilar.

Gláðvær sníld

Síðasta verkið varð þó skemmtilegast. Og ef frammi-staða hljómsveitar er yfirleitt stjórnanandanum eitthvað að þakka, þá hefur þessi þríttugi Gilbert Levine álika góð áhrif hjá okkar stundum genverðugu spílurum og Bohdan Wodiczko og fáeinir aðrir.

Antonín Dvorsjak (1841-1904) er af einni músiköskustu þjóð Evrópu, Tékkum, þar sem idkunlistar meðal almennings er álika sjálfsagður hlutur og bóklestur var hjá okkur. Hann sagði, að allir miklir tónsmíðir hefðu þegið að láni frá söngvum alþjóðu. Sjálfur gerði hann það óspart, en ávaxtaði sitt pund þó svo persónulega, að t.d. í hinna frögu símfóniu „Frá Nýja heiminum“ er naumast unnt að greina sundur, hvað er runnið frá negrasöngvum og hvað úr heimahögunum.

Nokkur ruglingur er á símfóniunúmerum Dvorsjaks, því hann tölusetti ekki fjórar hinar fyrstu. Þessu hefur nýlega verið kippt í liðinn, svo að umrædd símfónia nr. 8 var áður nr. 4. Hún er sneisafull af bráðfallegum laglinum, sem sníldarlega er unnið úr. Verkið býður því hljómsveit og stjórnananda glæsta kosti, og nú var þeirra neytt svo ótápalega að menn voru farnir að klappa af hjartans lyst, áður en hendi væri veifað.

Kammersveit Reykjavíkur

Þetta er fyrirbæri sem fleiri



Þjóðaróperan í Prag. Byggt árið 1881. Brann sama ár. Endurreist 1883 fyrir samskotta-fé. Snöggir þar.

ætlu að sinna, og þurfti þó ekki að kvarta yfir dræmri aðsókn á fyrstu tónleikum hennar á Klömbum 18. nóv. Hér er nefnilega framreidd sú indæla stofutónlist með fáum flytjendum, sem okkur er í svipinn snöggum ókunni í návígi en nokkur tímanum símfóniurnar.

Fyrsta verkið var Grand Sep-tour Militaire op. 114 eftir Johan Nepomuk Hummel (1778-1837). Hann var fæddur í Bratislava (einn Habsborgarþegninn enn), en um tíu ára aldur var hann tvö ár í læri hjá Mozart, sem taldi hann eitt undrabarna þess tíma. Næstu fjögur árin var hann á tónleikaferðum í Evrópu og hlaut hvað bestar viðtökur í London, enda var landi hans Haydn þá staddur þar í miklum hávegum.

Haydn kenndi honum seinna organleik og kom honum svo í þjónustu sinna gömlu húsbænda, Esterhazy-ættarinnar, þar sem hann var hirðhljómsveitarstjóri 1804-11. En hann var ekki jafnþægur, samviskusamur (og þó diplomatiskur) þjónn og Haydn, heldur var rekinn fyrir vanrækslu í starfi. Honum lét semsé ekki vel að þjóna beint undir yfirstéttina og hélt tam. ekki nema tvö ár við sem hirðhljómsveitarstjóri í Stuttgart 1816-18.

„Hér er enginn staður fyrir listamann, sem vill auðga heim-

inn með verkum sínum, heldur fyrir miðlungsmenn sem hafa mestan hug á að éta og drekka og láta bjóða sér hvað sem er.“

Svo skrifaði hann í bréfi um haustið 1818, en síðustu 19 árin bjó hann í Weimar. Sem pianisti hefur hann verið talinn einskonar tengiliður milli Mozarts og Chopins/Liszts. Og einsog verkið atarna ber með sér hefur hann verið snjallt tónskáld, en einhvervegginn kramst milli annarra stórnafrna frá sama tíma, svo að verk hans eru hvorki mikið þekkt né á loft haldið.

Næsta verk var Mladi (Æska) eftir Tékkann Leos Janatsék (1854-1928), þriðja stórmeistara þessa hluta Habsborgaradæmisins á eftir Smetana og Dvorsjak. Segja má, að tveir hinir fyrrnefndu Bæheimsmenn hafi orðið fyrir áhrifum að vestan, en Moraviubarnið Janatsék fremur að austan, frá Póllandi og Slóvakíu. Og kannski er hann þeirra frumlegastur á líkan hátt og Mussorgski meðal Rússa.

Hann var sérstakur að því leyti, hvað hann hugaði mikið að hljóðfallinu í tali manna, hverrar þjóðar sem voru, og reyndi stundum að túlka það í tónverku-m. Mál- eða talmelódiur vildi hann kalla þetta. Hann sagðist oft ekki skilja orð manna, en hljóðfallið — það væri gægjugat inn í áfalna. Gaman væri að vita hvað honum hefði fundist um hljóminn í tali framþjóðenda undanfarið, t.d. hjá þessum barkabítandi krastastelþum í sjónvarpinu, ellegar kjamsinu í Ragnari, málmhöggunum í Geir eða dryldnihreimi Ólajó.

Í þessu verki er Janatsék einsog ævinlega furðuferskur og nýstárlegur, enda þótt ekki sé hægt að draga hann í neinn ákveðinn dílk þeirra nýjunga sem uppi voru í tónlistarheiminum á hans dögum.

Glæsilegasta verkið var þó ótvírætt pianókvintett op. 57 eftir Dmitri Sjostakovitsj (1906-75). Kvintett þessi er einsog ónnur meiriháttar stofuverk hans saminn á árunum 1937-40, einmitt skömmu eftir að hann hafði í fyrsta skipti hlotið opinberar ákúror fyrir óperur sínar og símfóniur. Þá virðist hann um sinn hafa flúið á nábir innhverfari tónsmíða. Meira seinna um listastríð þessa rússneska meistara í sambandi við 5. símfóniuna.

sveigföstu skipulagi á svonefnt sönötuform. En orðið sönata er audvitað skylt íslenska orðinu sónn og líklega skáldmjaðarkerinu Són, en annars er það komið af ítölsku sögninni suon-are: að hljóma.

Sónatan er í grundvallaratriði-um byggð upp einsog Gamli Núi, enda var Bellman samtíðarmaður hinna ljúflinganna (1740-95). Fyrst kemur laglinubrot, sem venjulega er kallað stef:

Gamli Núi, gamli Núi guðhræddur og vis

Síðan kemur það sem oftast er kallað úrvinnsla. Þá er þrjónað við stefið:

míkils háttar maður mörgum velviljaður

Og loks er upphafsstefið endurtekið, stundum dálítið breytt:

Þótt hann drykki, þótt hann drykki þá samt bar hann pris.

Svona gengur þetta í hverjum kafla sönötunnar, sem oftast eru 3-4, stundum með allskyns útþrjóni, tvö stef höfð í einum kafla o.s.frv., en meginbyggingarlagið er hið sama. Sónatan er yfirleitt ekki ætluð

fóniu, en Haydn fullkomnaði verkið smám saman.

Björninn

Haydn samdi yfir 100 símfóniur, margar stuttar, og það er ekki fyrr en uppúr 1760, þegar hann er búinn með um 30 stykki, að hann nær sér á strik og símfóniugerðin hjá honum kemst í nokkuð öruggar skorður.

Nr. 82, sem flutt var í Háskólabíói fyrra fimmtudag, er ein þeirra sex, sem hann samdi eftir pöntunum frá París 1785-86. Oft fengu símfóniur hans gælunófn, og þessi er kölluð Björninn. Astæðan er talin sú, að í lokaþættinum notar hann gláðklakkalegt dansstef, sem minnti Parísarþúa á dansandi björn í fjölleikahúsi. Á þessum tíma var það mjög svo djarft til-tæki að brúka söddan alþjóðmúsík í „alvarlegu“ tónverki. Haydn var nefnilega þótt hægt færi, miklu meiri uppátækjamaður og gefinn fyrir „happenings“ en menn hafa löngum haldið. Og hann skaðaðist áreið-anlega ekkert við þennan flutning hljómsveitarinnar okkar.

Bóbó Túba

Það er harla sjaldgæft að heyra einleikskonsert fyrir fimbulhljóðfærið túbuna. Og hinum metnaðarfulla Breta, Sir Ralph